

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 10.05. 2016.

Fundarstaður: Víghólastíg

Fundur settur kl. 20.00. Mættir eru : DS, GS, BB og KSI

- Rætt um vinnuferð sem þótti takast með ágætum. Allir stígar og útskot fyrir bekki sem voru á áætlun voru lagðir með undirlagi. Aðrir stígar voru lagfærðir og hlaðin skjólmön um brennustæðið. Yfirborðslagið kláraðist og fór á alla stíga og útskot nema stíginn upp á Tröllaenda. Smá efnislager er þó til inni við Lundaberg. FFF ætlar að afla meira efnis og ljúka verkinu í sumar eða haust. Hilmir ætlar að kanna með efni í nýja bekki.
- Vindmyllumál rætt. Í fundargerð Reykhólahrepps frá 14. apríl er fjallað um erindi OV um vindmyllu í Flatey. Sveitarstjórn ætlar að senda FFF málið til umsagnar, en ekkert hefur borist ennþá. GS sendi sveitarstjóra fyrirspurn um hvort þetta sé væntanlegt.
- Rætt um vinnuhóp um flutning stjórnsýslu og gert grein fyrir að viðræður séu í gangi við nokkra aðila.
- Rætt um þrifaátak um Hvítasunnuhelgina. FFF mun leggja til ruslapoka, pylsur fyrir duglega fólkið og efni til stígagerðar ef það verður komið í tæka tíð.
- Erindi sent til Einars Strand um að vera með skyndihjálparnámskeið í sumar.

Fundi slitið kl. 22:00